



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. atvinnuveganefndar  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík 9. febrúar 2015

1411016SA GB  
Málalykill: 401

### **Efni: Umsögn um breytingartillögu við þingsályktunartillögu um breytingu á rammaáætlun, 244. mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 26. janúar sl., þar sem veittur er kostur á því að senda umsögn til atvinnuveganefndar um tvær tillögur sem komið hafa fram við umfjöllun nefndarinnar um tillögu til þingsályktunar um breytingu á áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða - rammaáætlun.

#### **Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun**

Í umsögn sambandsins um sama þingmál, dags. 13. nóvember 2014, var vísað til sérálit Elínar R. Líndal, fulltrúa sambandsins í verkefnisstjórn 3ja áfanga rammaáætlunar, þar sem lagt er til að þrír virkjanakostir í neðri hluta Þjórsár færist úr biðflokki í nýtingarflokk. Sú afstaða sem fram kemur í sérálitinu gengur lengra en tillaga meirihluta verkefnisstjórnar, sem eingöngu lagði til að Hvammsvirkjun í Þjórsá færðist í nýtingarflokk. Er sérálitid rökstutt með því að nægilegar rannsóknir hafi farið fram á öllum þrem virkjanakostunum, en þeir fengu allir ítarlega umfjöllun verkefnisstjórnar í 3ja áfanga rammaáætlunar. Rökstuðningur í sérálitinu er eftirfarandi:

*Verkefnisstjórn um rammaáætlun 2 lagði til, að loknu löngu og afar vönduðu samráðsferli, að allir þrír virkjanakostirnir í neðri hluta Þjórsár yrðu settir í nýtingarflokk. Af hálfu sveitarfélaga sem málið varðar og fleiri hagsmunaaðila voru gerðar alvarlegar athugasemdir við breytingar sem gerðar voru af hálfu ráðherra á tillögu verkefnisstjórnar, sem leiddu til þess að allir þrír virkjanakostirnir voru færðir í biðflokk.*

*Rök fyrir breytingum á röðun umræddra þriggja virkjanakosta í neðanverðri Þjórsá voru einkum þau að rannsaka þyrfti betur áhrif virkjananna á laxfiska í Þjórsá. Álit sérfræðinga um það álitaefni liggur nú fyrir, sem og ítarleg svör Landsvirkjunar um mótvægisáðgerðir. Í áliti sérfræðinganna koma fram gagnlegar ábendingar sem taka þarf tillit til við hönnun virkjana og útgáfu virkjana- og framkvæmdaleyfa sem kom til á síðari stigum. Það er álit undirritaðrar að með álitinu og svörum Landsvirkjunar hafi með trúverðugum hætti verið svarað þeim álitaefnum sem leiddu til þess að vikið var frá tillögu verkefnisstjórnar um rammaáætlun 2 og því sé ekkert því til fyrirstöðu að allir þrír virkjanakostirnir verði nú settir að nýju í nýtingarflokk rammaáætlunar.*



Með vísan til sérálitsins telur sambandið ekki tilefni til þess að gera athugasemd við tillögu meirihluta atvinnuveganefndar um að Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun færist úr biðflokk í nýtingarflokk. Myndi sú breyting jafnframt laga nokkuð hlutfallið milli vatnsaflsvirkjana og jarðvarmavirkjana í nýtingarflokk, en við umfjöllun um rammaáætlun sem nú er í gildi bentu fulltrúar sambandsins á að mjög lítil hluti virkjanakosta í nýtingarflokk væru vatnsaflsvirkjanir.

### **Hagavatnsvirkjun og Skrokkölduvirkjun**

Í breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar er jafnframt lagt til að Hagavatnsvirkjun og Skrokkölduvirkjun færist úr biðflokk í nýtingarflokk. Í 2. áfanga rammaáætlunar var það niðurstaða verkefnisstjórnar að raða Hagavatnsvirkjun í biðflokk. Skrokkölduvirkjun var hins vegar raðað í nýtingarflokk. Verkefnisstjórn 3ja áfanga rammaáætlunar hefur þessa virkjanakosti nú til umfjöllunar. Enginn rökstuðningur fylgir tillögu meirihlutans um þessa virkjanakosti og er ekki heldur unnt að vísa til afstöðu verkefnisstjórnar 3ja áfanga að öðru leyti en því að engin afstaða hefur verið tekin til þessara virkjanakosta í yfirstandandi vinnu.

Afstaða Sambands Íslenskra sveitarfélaga gagnvart rammaáætlun hefur verið sú að stjórnvöld verði að leggja mikla áherslu á að ákvarðanir um flokkun virkjanakosta sé byggð á faglegum sjónarmiðum. Í rammaáætlun er leitast við að tryggja að langtímahugsun og mat á heildarhagsmunum hvað varðar orkunýtingu og vernd landsvæða ráði niðurstöðunni og að ákvarðanir séu sem minnst háðar því hvaða ríkisstjórn er við völd á hverjum tíma. Ákvörðunarferlið þarf að vera gegnsætt og vandað þannig að sem mest sátt geti orðið um niðurstöðu rammaáætlunar, ella er hætta á að virðing fyrir niðurstöðu rammaáætlunar verði lítil sem engin.

Með tilliti til framangreindra sjónarmiða mælir sambandið ekki með því að meirihluti Alþingis samþykki tilfærslu virkjanakosta, sem verkefnisstjórn 3ja áfanga rammaáætlunar hefur ekki tekið afstöðu til, úr biðflokk í nýtingarflokk.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri